

**Ed.**

**926. Nefndarálit**

**[432. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Ríkisendurskoðun verði veitt mjög víðtæk lagaleg heimild til þess að rannsaka bókhald og grunngögn reikninga, verksamninga o.fl. sem ríkinu er ætlað að greiða samkvæmt lögum. Er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun geti krafist þess að fá aðgang að bókhaldi einkaaðila og fyrirtækja þeirra.

Hér er allt of langt gengið og um óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af fjárreiðum einstaklinga að ræða.

Minni hl. getur því ekki samþykkt frumvarpið óbreytt, en mun leggja fram breytingar-tillögur í samræmi við ofangreint álit.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Júlíus Sólnes.